

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugæmsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

Nr. 49.
10.
nóvbr.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g

um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

Nr. 50.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danimerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landssjóður skal vera innskotseigandi (i n t e r e s s e n t) að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárrí hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.

Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans.

Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur).

Nr. 50.
10.
nóvbr.

2. gr.

Heimilt er stjórninni að taka í þessu skyni alt að 200,000 kr. lán handa landssjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 51.
10.
nóvbr.

L ö g

um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 5 miljónum króna. Fyrstu 4 árin, eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn, veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögum, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldreí má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar